

2. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 16. ágúst 2022 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Kristinn Hilmar Marinósson (KHM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN), Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG), Jóhann Birkir Helgason (JBH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, Formaður

Dagskrá:

1. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069

Tillaga að erindisbréfi Skipulagsnefndar. Mál frá 1. fundi Skipulagsnefndar sem fór fram 07.07.2022.

Erindisbréf samþykkt samhljóða.

Samþykkt

2. Strandsvæðisskipulag - 2103057

Mál frá 1. fundi Skipulagsnefndar sem fór fram 07.07.2022.

Skipulagsnefnd vekur athygli á nauðsyn vöktunar og eftirfylgni með framkvæmd hennar, sér í lagi þar sem skörun er á milli staðbundinnar nýtingar SN3 og SN4 við umhverfi og náttúru UN3. Einnig bendir skipulagsnefnd á mikilvægi frekari rannsókna á skipulagssvæðinu þannig að tryggt sé að nýjustu upplýsingar séu ávallt tiltækar.

Samþykkt

3. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Mál frá 1. fundi Skipulagsnefndar sem fór fram 07.07.2022.

Skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að fyrirliggjandi tillaga verði send til atvinnu- og hafnarnefndar, umhverfis- og byggingarnefndar, íþróttar, menningar- og æskulýðsnefndar og fræðslunefndar sem muni fjalla um þau málaflökka sem heyra undir hverja nefnd fyrir sig. Skipulagsnefnd beinir því einnig til sveitarstjórnar að umhverfisnefnd og íþróttar-, menningar- og æskulýðsnefnd verði falið að gera drög að umhverfisstefnu og menningarstefnu fyrir sveitarfélagið.

Samþykkt

4. Sent fyrir hönd Skipulagsdeildar Vegagerðarinnar - 2207061

Erindi frá Vegagerðinni dags. 12.07.2022 til skipulagsfulltrúa sveitarfélaga í upphafi nýs kjörtímabils þar sem minnt er á mikilvægi samráðs á skipulagsstigi vegna samgangna.

Til kynningar

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17.10.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Kristinn Hilmar Marinósson (KHM)

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)